



FRÉTTABRÉF BIBLÍUFÉLAGSINS
APRÍL 2012

Biblíufélagið 200 ára 2015

Páfi fær íslenska Biblíu að gjöf

Biblía heilags Jóhannesar

Ritningin og rigningin

*Kristindóms- og trúarbragða-
fræðsla í skólakerfinu*

„Sá getur ei sungið er sviður um of“



Fylgt úr hlaði

Hið íslenska biblíufélag er elsta starfandi félag á Íslandi og minnst senn 200 ára afmælis síns. Það var stofnað að tilstuðlan skoska mannvinarins og eldhugans Ebenezer Henderson 10. júlí 1815.

Á Biblíudegi að þessu sinni var sjónum félagsmanna beint til þessara tímamóta. Undirbúningsnefnd hefur verið að störfum til að leggja á ráðin um það hvernig minnst skuli og kallað er eftir hugmyndum almennings í þessum efnunum. Eins hefur verið ákveðið að setja á laggirnar sérstakan Afmælis-sjóð Biblíufélagsins til að standa fyrir atburðum í tilefni tímamótanna.

Meginverkefnið að fjölga félögum

Markmið Hins íslenska biblíufélags er æ hið sama, að vinna að útgáfu, útbreiðslu og notkun Biblíunnar. Félagið er opið öllu kristnu fólki úr öllum kristnum trúfélögum og kirkjum. Nú eru um þúsund skráðir félagsmenn af öllu landinu. Auk þess fjöldi einstaklinga og félaga sem styður fjáraflanir til einstaka verkefna Biblíufélagsins hvað varðar stuðning við þýðingu og útbreiðslu Biblíunnar í fjarlægum löndum. Þessu fólki öllu vil ég þakka sérstaklega. Að mínu mati er eitt meginverkefni hins aldna félags um þessar mundir að fjölga félögum. Heiti ég á allt gott fólk til liðveislu.

Guðs orð á móðurmálinu

Hið íslenska biblíufélag er þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi biblíufélaga, United Bible Societies. Fyrir milligöngu þess hefur hið íslenska félag til dæmis veitt umtalsverðan stuðning til þýðingar Nýja testamentisins á tungu Konsómanna í Eþíópíu, og eins á tungu Órómo-manna, en það er verk sem Haraldur Ólafsson, kristniboði, hefur unnið að um langt árabil, eins og hann segir frá í blaðinu að þessu sinni. Það er gott að vita að við, þrátt fyrir okkar takmarkaða bolmagn, skulum hafa getað lagt fátækum þjóðum lið í þessum efnunum. Við erum þar að leitast við að greiða þakkarskuldb, eitt sinn vorum við meðal fátækustu þjóða álfunnar. Henderson og aðrir góðir



Herra Karl Sigurbjörnsson, forseti Hins íslenska biblíufélags.

menn, erlendir, komu til liðs við okkur. Því megum við ekki gleyma. Mörg biblíufélaganna í Afríku hafa unnið þrekvirkni við lestrarkennslu og þjálfun. Forsendurnar hafa ætíð legið fyrir, að gera fólki kleift að lesa Guðs orð á sínu móðurmáli. Fjöldmörg tungumál veraldar hafa fyrst eignast ritmál þegar hafist var handa um að þýða Biblíuna. Með ritmáli og almennu læsi er lagður grundvöllur að menningu og menntun, frelsi og lýðræði. Þetta ættum við að þekkja Íslendingar. Biblían hefur haft ómetanleg áhrif á tungu og bókmenntir okkar og stuðlað að órofa samhengi máls og hugsunar um aldir.

Að vera læs á orðið helga

Áhrif orðsins verða seint ofmetin, afl og áhrif fagnaðarerindisins um Jesú Krist sem er kraftur Guðs til hjálpræðis, að breyta lífi fólks til hins betra, veita von og lífsþrótt, kraft og kjark til að takast á við lífið. En jafnframt því markar sú trú og siðferði sem Biblían boðar heillaspor í samfélag og menningu. Það er mikilvægt verkefni sem bíður hins kristna samfélags á Íslandi að stuðla að því að sú kynslóð sem nú vex

úr grasi verði læs á orðið helga. Við verðum aldrei útskrifuð úr þeim skóla. Í 2. Tím. 3.14 segir Páll: „En halt þú stöðuglega við það sem þú hefur numið þar eð þú veist af hverjum þú hefur numið það. Þú hefur frá blautu barnsbeini þekkt heilagar ritningar. Þær geta veitt þér speki til sálhjálpar fyrir trúna á Krist Jesú.“ Postulinn er að ráðleggja ungum samverkamanni við útbreiðslu fagnaðarerindisins. Og það er áminning til okkar, sem vissulega höfum flest öll frá blautu barnsbeini þekkt heilagar ritningar eða alla vega þekkt til þeirra, að standa stöðug í þeirri trú. Hið íslenska biblíufélag er lítið félag, sem falin hefur verið mikil ábyrgð að búa Biblíuna í hendur landsmanna í þeim búningi sem best hæfir því helga orði sem hún flytur. Félagsmönnum og öðrum þeim sem með einum eða öðrum hætti styðja félagið og verkefni þess, þakka ég trygð og trúfesti, stuðning og allan góðan hug fyrr og síðar. Guð launi það. Hans heilag orð og andi leiði og blessi oss öll.

Karl Sigurbjörnsson

FRÉTTABRÉF BIBLIÚFÉLAGSINS
Apríl 2012

Hið íslenska biblíufélag
Guðbrandsstofu
Hallgrímskirkju
101 Reykjavík

PÓSTÁRITUN
Pósthólf 243
121 Reykjavík

SÍMI
510-1040

BRÉFASÍMI
510-1045

NETFANG
hib@biblian.is

VEFFANG
www.biblian.is

RITNEFND
Guðni Einarsson
Ólafur Egilsson (ábm.)
Stefán Einar Stefánsson

HÖNNUN OG UMBROT
Brynjólfur Ólason

PRENTUN
Guðjón Ó

FORSETI HINS ÍSLENSKA BIBLIÚFÉLAGS
Herra Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands

AÐRIR Í STJÓRN FÉLAGSINS
Arnfríður Einarsdóttir, héraðsdómari
Dögg Harðardóttir, hjúkrunarfræðingur
Guðni Einarsson, blaðamaður
Gunnlaugur A. Jónsson, prófessor
Ólafur Egilsson, fv. sendiherra
Stefán Einar Stefánsson, guðfræðingur
Séra Valgeir Ástráðsson
Séra Þórhildur Ólafs

FORSÍÐUMYNDIN
Biblíá á altari. Myndin er tekin
í Bústaðakirkju. Ljósmyndari:
Árni Svanur Danielsson.



EFNI



SÍÐA 4

BIBLIÚFÉLAGIÐ 200 ÁRA AFMÆLI SÍNU 2015

Biblíufélagið fagnar 200 ára afmæli sínu 2015 og hefur stofnað afmælissjóð af því tilefni til að standa straum af kostnaði við afmælishaldið.



SÍÐA 5

PÁFI FÆR ÍSLENSKA BIBLIÚ AÐ GJÖF

Forseti Íslands afhenti páfa nýja íslenska Biblíu í Vatikaninu í fyrra með skrautritaðri kveðju frá biskupi Íslands, herra Karli Sigurbjörnssyni.



SÍÐUR 6–7

BIBLÍA HEILAGS JÓHANNESAR

The Saint John's Bible er fyrsta handritaða og lýsta enska Biblían sem pöntuð hefur verið frá því að prentæknin var fundin upp fyrir rúmum 500 árum.



SÍÐA 8

RITNINGIN OG RIGNINGIN

Þrautseigja Haraldar Ólafssonar kristniboða í nær hálfa öld færir loks 1–2 milljóna þjóðbálki í Suður-Eþíópíu Nýja testamentið á eigin ritmáli.



SÍÐA 9

„BRETLAND ER KRISTIÐ LAND“

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, lét þessi orð falla í ræðu í Oxford í tilefni af 400 ára afmæli Biblíu Jakobs konungs í fyrra.



SÍÐUR 10–12

KRISTINDÓMS- OG TRÚARBRAGÐAFRÆÐSLA

Dr. Sigurður Pálsson skrifar um hvernig skólakerfið bregst þörfinni fyrir betri skilning og þekkingu á trúarbrögðum og lífsviðhorfum.



SÍÐUR 14–15

„SÁ GETUR EI SUNGIÐ ER SVÍÐUR UM OF“

Gunnlaugur A. Jónsson prófessor fjallar um það þegar séra Valdimar Briem orti út af 137. Davíðs-sálmum til að sýna að hann gæti ekki lengur ort.

BIBLÍUFÉLAGIÐ

200 ÁRA 2015

Hið íslenska biblíufélag er elsta starfandi félag á Íslandi og fagnar senn 200 ára afmæli sínu. Af því tilefni hefur verið stofnaður afmælissjóður til að standa straum af kostnaði við afmælishald árið 2015. Fjölbreytt áform eru um hátíðahöld, auk þess sem félagið kallar eftir hugmyndum almennings um hvernig best sé að standa að afmælinu.

Aðalfundi Hins íslenska biblíufélags nýverið komu fram áhuga-verðar og fjölbreyttar hugmyndir um hátíðarhöld á 200 ára afmæli félagsins árið 2015. Gerði prófessor Rúnar Vilhjálmsson grein fyrir ötulu starfi nefndar er stjórn félagsins setti á fót fyrir nokkru til undirbúnings tillagna um afmælishaldið, en hann er formaður nefndarinnar. Tóku margir til máls og urðu líflegar umræður um málið. Forseti félagsins, herra Karl Sigurbjörnsson biskup, reifaði hugmynd að stofnun sérstaks afmælissjóðs til að

standa straum af kostnaði við afmælishaldið og tryggja að hátíðahöldin geti orðið sem veglegust og náð til sem flestra. Ekki er gert ráð fyrir að um verði að ræða sjóð með sérstakri skipulagsskrá, heldur bankareikning í vörslu stjórnarinnar sem velunnurum félagsins gefist kostur á að leggja gjafir sínar inn á.

Aðalfundurinn samþykkti síðan einróma svohljóðandi tillögu flutta af forseta og fráfarandi framkvæmdastjóra félagsins, Stefáni Einari Stefánsyni guðfræðingi: „Aðalfundur Hins íslenska biblíufélags, haldinn í Linda-kirkju 12. febrúar 2012, ákveður að stofnaður verði afmælissjóður Hins

íslenska biblíufélags til að standa straum af þeim útgjöldum sem stofnað verður til í tengslum við 200 ára afmæli félagsins.“

Söfnunarfé í tengslum við Biblúdag 2012 rennur í sjóðinn sem stofnfé hans. Eru einstaklingar, félög og fyrirtæki hvött til að leggja gjafir inn á reikninginn.

Reikningur afmælissjóðsins er í Landsbanka Íslands og númer hans er 0101-26-622200. Kennitala Hins íslenska biblíufélags er 620169-7739. ■

MUNIÐ SÖFNUNARREIKNING AFMÆLISSJÓÐSINS

Reikningur: 0101-26-622200

Kennitala: 620169-7739

PÁFI FÆR ÍSLENSKA BIBLÍU AÐ GJÖF

Í mars í fyrra hélt forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, í opinbera heimsókn í Vatíkanið þar sem hann fundaði með Benedikt XVI. páfa. Meðal þeirra gjafa sem forsetinn færði páfanum var árituð Biblía frá biskupi Íslands. Hið íslenska biblíufélag hafði umsjón með frágangi áritunarinnar fyrir hönd biskups en hún er eftirfarandi:

Suae Sanctitati Benedicto XVI Papae Cum
Reverentia Et Caritate In Jesu Christo.

Karl Sigurbjörnsson
Biskup Íslands

Ennfremur fylgdi kveðjunni ritningarversíð sem varðveitt er í Jóhannesar-guðspjalli (15.5): „Jesús segir: Ég er vínviðurinn, þér eruð greinarnar. Sá ber mikinn ávöxt sem er í mér og ég í honum en án mín getið þér alls ekkert gert.“

Áletrunina, sem er hreint listaverk, vann Margrét Ása Karlsdóttir.



© MARIANNA FRÍÐJÓNSDÓTTIR

Benedikt XVI. páfi les skrautritaða kveðju frá biskupi Íslands, herra Karli Sigurbjörnssyni, í nýju íslensku Biblíunni, sem forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, færði páfanum að gjöf frá biskupi í Páfagarði í mars 2011. Einnig sést í afsteypu styttnar af Guðríði Þorbjarnardóttur með son sinn Snorra Þorfinnsson, eftir Ásmund Sveinsson myndhöggvara, en hún heimsótti Páfagarð á 11. öld. Guðríður hefur verið álitin víðförlust allra kvenna sinnar tíðar í heiminum, en heimildir eru um að hún hafi farið átta ferðir yfir úthafið. Styttan af Guðríði og Snorra var gjöf frá Snæfellingum.

SKOÐA MÁ MYNDSKEIÐ FRÁ
HEIMSÓKNINNI Á NETINU

<https://vimeo.com/35881585>



HANDRIT FRÁ 21. ÖLD VEKUR ATHYGLI

BIBLÍA HEILAGS JÓHANNESAR

Biblía heilags Jóhannesar, *The Saint John's Bible*, er fyrsta handritaða og lýsta enska Biblían sem pöntuð hefur verið frá því að prenttæknin var fundin upp fyrir meira en 500 árum. Verkið var unnið fyrir Benediktusar munka í Klaustri heilags Jóhannesar og háskóla (Saint John's Abbey and University) í Minnesota í Bandaríkjunum. Tilgangurinn var að glæða hugmyndaflug trúaðra um allan heim og að myndskreyta Guðs orðið fyrir nýja öld.

Verkið var pantað árið 1998 í tilefni af síðustu aldamótum og hófst þá undirbúningur að gerð þess. Hópur skriflærðra beggja vegna Atlantshafsins, listamanna og handsverksmanna var í rúman áratug að ljúka verkinu í sannkallaðri skrifstofu í Wales undir stjórn Donalds Jacksons. Hann er talinn vera í fremstu röð skrautritara heimsins og er sérlegur ritari hennar hátignar Elísabetar II Englandsdrottningar. Sjöunda og síðasta bindið af Biblíu heilags Jóhannesar kom út í fyrra.

Handgert blek og fjaðurpennar

Textinn er úr New Revised Standard Version þýðingunni. Verkið var unnið svipað og gert var á miðöldum, skrifað með handgerðu bleki og fjaðurpennum á bókkfell, litarefni í lýsingum frumgerðarinnar voru handmöluð og ekta gullþynnur notaðar til gyllinga. Myndefnið var hins vegar mjög nútímalegt, þemu, myndir og tækni 21. aldar sjást í myndskreytingunum. Gerð þessa mikla verks þykir vera verðugt framhald á þeirri aldagömlu hefð Benediktusarmunka að afrita og varðveita helga texta.

Verkið var skrautskrifað á bókkfell, skinn, með fjaðurpennum. Í lýsingar voru notaðir litir sem gerðir voru með gömlum aðferðum og gullþynnur í gyllingar.

© MICHAEL FREEMAN



Gerð þessa mikla verks þykir vera verðugt framhald á þeirri aldagömlu hefð Benediktusarmunka að afrita og varðveita helga texta.

1.150 síður í 7 bindum

Handritið er risastórt, bókstaflega talað, og hver opna rúmlega 60 sentimetra há og 90 sentimetra breið. Verkið er alls 1.150 síður og er því skipt í sjö bindi. Hvert hinna sjö binda verksins vegur nærri tíu kíló. Bindin innihalda Fimmbókaritið eða Mósebækurnar, sögulegu ritin, Sálmana, spádómsritin, spekiritin, guðspjöllin og Postulasöguna, bréfin og Opinberunarbókina. Frumgerð verksins er geymd í bókasafni Háskóla heilags Jóhannesar í Minnesota.

Til sýnis

Eftir hefur verið til sýninga á þessu stórkostlega listaverki víða um heim frá því það hóf að koma út árið 2008. The Heritage Edition, listræn endurgerð frumrits Biblíu heilags Jóhannesar í takmörkuðu upplagi, hefur verið til sýnis í mörgum helstu bókasöfnum vestanhafs og austan. Verkið hefur ýmist verið miðpunktur sýninganna eða hluti af handritasýningum biblíurita, m.a. sýningu á Dauðahafsritunum í Vísindasafninu í Minnesota. Fjallað hefur verið um gerð handritsins í mörgum fjölmiðlum, sjónvarpsstöðvum, útvarpi og prentmiðlum.

Draumur skrautritarans

Donald Jackson skrautritari sagði nýlega í samtali við BBC að það hafi verið draumur hans frá æskuárum að skrautskrifa og myndskreyta heila Biblíu. Verkefni á borð við þetta sé draumur skrautritarans, hans „sixtínska kapella“. Jackson sagði að skrautritaður textinn búi yfir flæði sem lausalettrið hafi ekki. Hann sagði að Biblía heilags Jóhannesar ætti fullt erindi í dag. Í lýsingunum eru margar tilvísanir til samtímans. Þar má t.d. sjá Tvíburaturnana í New York, nútíma vígvélar, tækniundur og tákn fyrir kjarnorkuna. Lýsingar sem ættaðar eru beint úr fréttum samtímans. ■



„Og Orðið varð hold.“
Jóh 1.1–14. Listamaður:
Donald Jackson.



„Sáðmaður gekk út að sá.“
Mrk 3. Listamenn: Aidan
Hart ásamt Donald Jackson
og Sally Mae Joseph.

BIBLÍA HEILAGS JÓHANNESSAR Á NETINU

www.saintjohnsbible.org



TVÖFÖLD BLESSUN

RITNINGIN & RIGNINGIN

Þrautseigja Haraldar Ólafssonar kristniboða í nær hálfa öld færir loks 1–2 milljóna þjóðbálki í Suður-Epíópíu Nýja testamentið á eigin ritmáli.

Það ríkti mikil eftirvænting í meira en þúsund manna hópi kristins fólks sem komið var saman í smábænum Mega í Suður-Epíópíu í nóvemberbyrjun sl. Nú átti að kynna Nýja testamentið sem loksins var komið út á bórana oromo, tungumáli sem allir læsir á þessum slóðum skildu. En snurða hafði hlaupið á þráðinn. Vörubíls-farmur af bókinni, 5000 eintök, var enn ókominn á staðinn og ekkert vitað hvað bílnum liði á nálægt 700 km leið sinni.

Margra ára striti lokið

Haraldur Ólafsson kristniboði hafði skömmu áður afhent fyrsta eintakið í skrifstofu Epíópísku biblíufélagsins í höfuðborginni Addis Abeba. Það var stór stund, svo stór að tár runnu af hvörmum. Margra ára miklu striti var lokið. Haraldur hafði byrjað að beita sér fyrir slíkri þýðingu þegar í fyrstu dvöl sinni og fjölskyldu sinnar í Bórana fyrir nær hálfrö öld, enda ljóst að útbreiðsla og efling kristni yrði mjög háð því að íbúar héraðsins gætu lesið sér til um hana á eigin tungumáli. Þrautseigja Haraldar verður ennþá ljósari, þegar haft er í huga að ritmál Bórana fólks var í upphafi vægast sagt mjög lítt þróað og hefur Haraldur einnig reynst hugmyndaríkur og lagt gjörva hönd að fullsköpun þess.

En nú byrjaði að rigna!

En blessun ríkti yfir þessu mikilvæga framtaki. Þegar skipuleggjendur hátíðarinnar réðu ráðum sínum um hvað skyldi til bragðs taka, rann vörubíllinn í hlað! Haraldur og samstarfsfólk hans hófust þegar handa við að koma kössum með Nýja testamentinu fyrir á altarinu í mótstjaldinu. Það var kannske ofsagt að nefna þetta tjald. Þetta voru misstórar slitur af segldúk og plastdúk með glufum á milli; betra sem sólhlíf! En nú byrjaði að rigna! Í fljótu bragði mátti líta á það sem mikla óheppni. Eftir nær algjöran uppskerubrest og gífurlegan skepnufelli vegna langvarandi þurrka horfði rigning nú í nokkra daga hins vegar öðru vísi við. Orð Guðs og rigningin, ritningin og rigningin – hvorttveggja af himnum ofan – fólu í sér tvöfalda blessun! Allir fögnuðu innilega!

Fjárstuðningur frá HÍB

Þegar kynningarsamkomunni lauk var búið að koma fyrir söluborði við kirkjuna. Fólkið þyrptist að til að ná sér í Nýja testamenti. Fyrir utan að eiga nú kost á því á eigin ritmáli, reyndist málfarið falla fólkinu vel í geð. Fjárstuðningur frá Hinu íslenska biblíufélagi gerði mögulegt að bjóða hina nýju útgáfu á viðráðanlegu verði. Hjálparstofnun norsku kirkjunnar útvegaði

vörubílinn og bílstjóran sem flutti bækurnar hina löngu leið.

Hálfrar aldar saga

Saga þessarar útgáfu Nýja testamentisins spannar sem fyrr segir næstum hálfa öld. Hún er of löng til að segja hana hér en gott til þess að vita að hún er til skráð í öllum meginatriðum. Í þýðingar- og útgáfufurlinu hafa sannarlega skipst á skin og skúrir. Meðal þess málfræðilega vanda sem Haraldur Ólafsson glímdi við og fann lausn á var hvernig greina mætti í ritmálinu á milli stuttra hljóða og langra, en slíkt skipti afar miklu máli til að auðvelda lesturinn. Dæmi um þetta eru: gara = til, í áttina til; garaa = magi, tilfinningamiðja; gaara = fjall; soda = ótti; sodda = tengsl, samband; ass jira = ég er hér; ass jirra = við erum hér. Þegar stjórnvöld mörgum árum síðar ákváðu að taka upp latneskt letur fyrir mál oromo-ættbálksins reyndist stafsetningin nánast sú sama og Haraldur hafði mótað. Það er mikið gleðiefni okkur öllum að máttarstólpinn við að koma þessari tímamótaútgáfu á þrykk skuli vera íslenskur kristniboði. Fyrir atbeina Haraldar Ólafssonar eiga nú 1–2 milljónir Bórana í fyrsta skipti aðgang að frásögunum um líf og starf frelsarans Jesú Krists á eigin ritmáli. ■

DAVID CAMERON

„BRETLAND ER KRISTIÐ LAND“

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, hefur kallað eftir því að hefðbundin kristin gildi verði endurvakin til þess að vega á móti „siðferðislegu hrúni“ Bretlands, að því er fram kom í frétt BBC.

Þetta kom m.a. fram í ræðu Camerons sem hann hélt í tilefni af 400 ára afmæli Biblíu Jakobs konungs (*The King James Bible*) í Oxford í desember síðastliðnum.

Biblían mikilvæg fyrir bresk gildi

Cameron sagði að það væri rangt að halda því fram að það að taka afstöðu með kristindómi „væri á einhvern hátt að gera lítið úr öðrum trúarbrögðum“. Forsætisráðherrann kvaðst vera „skuldbundinn“ kristinni trú en „iðka hana lítillega“. Hann viðurkenndi að hann væri „fullur efasmda“ um mikilvæg guðfræðileg atriði. Engu að síður varði hann hlutverk trúarbragða í stjórnmálum fullum hálsi og sagði



að Biblían væri einkar mikilvæg fyrir bresk gildi.

„Við erum kristið land og við ættum ekki að vera hrædd við að segja það,“ sagði Cameron við áheyrendur sína í Christ Church í Oxford.

Biblían hefur hjálpað til

„Til þess að það sé ljóst: Ég er ekki að segja á neinn hátt að það að vera annarrar trúar – eða trúlaus – sé rangt á einhvern hátt. Ég veit það og virði fullkomlega að margir landsmenn eru ekki trúaðir.

Ég er líka mjög stoltur yfir því að mörg mismunandi trúarsamfélög eiga heima í Bretlandi og þau gera mikið til að efla land okkar.

En það sem ég á við er að Biblían hefur hjálpað til við að gefa Bretlandi ákveðin gildi og siðferðisviðmið sem gera Bretland að því sem það er í dag,“ sagði David Cameron meðal annars. ■



BIBLÍULESTRARSKRÁ

LEIÐSÖGN VIÐ LESTUR BIBLÍUNNAR

Nú sem fyrr hefur Hið íslenska biblíufélag gefið út Biblíulestrarskrá þar sem tilgreindir eru textar fyrir hvern dag ársins 2012 til að lesa og hugleiða. Félagsmenn fá skrána senda í desember ár hvert. Hún liggur einnig frammi í flestum kirkjum landsins. Lestrarskráin er gefin út árlega til þess að auðvelda Íslendingum að lesa Biblíuna daglega. Áætlunin nær yfir heilt almanaksár. Skráin er þannig úr garði gerð að notendur geta

lægt hana inn í Biblíuna eins og bókamerki. Þetta er sjöunda árið í röð sem lestrarskráin birtist í þessari mynd og hefur hún mælst vel fyrir. Notendur geta merkt jafnóðum við lestrana til þess að fylgjast betur með framvindunni. Á sunnudögum og öðrum helgidögum er guðspjall dagsins lesið samkvæmt kirkjuári Þjóðkirkjunnar. Á miðvikudögum er lesið úr Sálmunum. Einnig er rétt að vekja athygli á því að aftast í

nýjustu útgáfu Biblíunnar — nýju þýðingunni sem kom út árið 2007 — er bent á texta sem gott er að lesa við ýmis tækifæri í lífinu. Þar er m.a. vísað á ritningarstaði sem margir þekkja og þykir gott að rifja upp reglulega, þar á meðal Fjallræðuna, Óðinn til kærleikans, frásagnirnar af góða hirðinum, glataða syninum og lækningum Jesú, auk ýmissa annarra texta til að lesa í gleði og til huggunar í sorg. ■

DR. SIGURÐUR PÁLSSON

Kristindóms- og trúarbragðafræðsla í skólakerfinu

Evrópuráðið og ÖSE leggja áherslu á mikilvægi hennar

Trúarbragðafræðsla í grunn-skólum á Íslandi á í vök að verjast. Í framhaldsskólum er undantekning ef trúarbragðafræðsla er boðin sem valgrein. Í kennaranámi hefur trúarbragðafræði verið valgrein í meira en tvo áratugi. Síðla árs 2007 var lagt fram á Alþingi Íslendinga frumvarp til nýrra grunn-skólalaga þar sem fella átti niður námsgreinina Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði og setja efnid undir samfélagsgreinar. Enga skýringu né rök fyrir þessari breytingu var að finna í greinargerð með frumvarpinu önnur en þau að „í gildandi viðmiðunar-stundaskrá í aðalnámskrá eru þessir þættir með sameiginlega tíma til ráðstöfunar“ (Þingskjal 319, 2007–2008). Þetta breyttist þó í meðförum Alþingis og heitir greinin nú trúarbragðafræði. Ég tel mig geta fullyrt að sú ákvörðun að tilgreina ekki sérstaklega fjölda kennslustunda sem verja skyldi til trúarbragðafræðslu sneiddist í raun um þann tíma sem varið er til kennslu í greininni. Þó að trúarbragðafræðsla sé nefnd sem sérstök námsgrein í grunnskólalögum er nú verið að semja sameiginlega námskrá fyrir samfélagsgreinar og

trúarbragðafræði. Tel ég að þetta muni enn þrengja að trúarbragðafræðslunni.

Veraldarvæðing hugarfarsins

Af framangreindum ástæðum tel ég ástæðu til að kynna hér í stuttu máli umræðu um mikilvægi trúarbragðafræðslu í opinberum skólum sem farið hefur fram á vegum Evrópuráðsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE). Þjóðfélög Evrópu tóku miklum og margvíslegum breytingum á síðustu öld. Meðal annars breyttust þau úr tiltölulega einsleitum kristnum þjóðfélögum í það sem kallað hefur verið veraldarvædd fjölmenningsarsamfélög. Félagsfræðingar segja að svokölluð veraldarvæðing feli í sér fjóra þætti: Í fyrsta lagi aðskilnað pólitískra og trúarlegra stofnana; í öðru lagi víkjandi trúarlega áherslu í umræðum um þjóðfélagsmál, vísindi, heimspeki og siðferði; í þriðja lagi minnkandi þátttöku í trúarlegum athöfnum og „einkavæðingu“ hins trúarlega og í fjórða lagi veraldarvæðingu eða afhelgun hugarfarsins. Á 20. öld fleygði raunvísindum fram og ýmsir töldu að vísindin mundu að lokum

“**Án þekkingar á Biblíunni eru menn ólæsir á vestræna menningu og ófærir að taka þátt í umræðu um trúmál almennt og tengsl trúar og menningar í eigin samfélagi.**

© ÁRNI SVANUR DANÍELSSON

færa mönnum óyggjandi niðurstöður um hvaðeina. Heimur vísindanna varð viðskila við heim trúarinnar. Þessi viðhorf höfðu mikil áhrif á alla menntun, svo sem val á námsgreinum og þann tíma sem þeim var ætlaður á stundaskrá. Skólinn, sem var afkvæmi kirkjunnar, þar sem fræðsla um kristna trú var í öndvegi, þokaði þeirri fræðslu smám saman niður á neðstu skör. Þekkingu á kristinni trú hrakaði og þorri fólks, jafnt menntamenn sem aðrir, týndu tungumáli trúarinnar og skorti þekkingu og skilning á trúarlegum grundvallarhugtökum til að geta tekið þátt í upplýstri umræðu um trúmál. Fræðsla um önnur trúarbrögð en kristni hófst ekki í opinberum skólum í Evrópu fyrir en á síðari hluta liðinnar aldar.

Miklar breytingar — gildakreppa í Evrópu

Um miðja síðustu öld rituðu félagsfræðingar talsvert um veraldarvæðinguna. Settu þeir fram kenningar þess efnis að þessi þróun myndi halda áfram í þá átt að trúarbrögð myndu nánast engu máli skipta í vestrænum samfélögum framtíðarinnar. Framarlega í flokki þessara fræðimanna



Bíblían og pennaveskin.

Nauðsyn fræðslu í skólum um trúarbrögð og siðfræði

Til að svo geti orðið er bent á nauðsyn þess að fræðsla um trúarbrögð og siðfræði sé í námskrám opinberra skóla í því skyni að efla þekkingu og skilning á ólíkum trúarbrögðum og lífsviðhorfum. Ein af forsendum þess að þau markmið náist er að lögð sé áhersla á þekkingu nemenda á ríkjandi trúarbrögðum og siðgæðisviðmiðum í eigin samfélagi, enda ljóst að þekkingarskortur á því sviði geti leitt til fordóma gagnvart eigin trúar- og menningararfi. Bent er á að menntun sé lykilatriði þegar kemur að því að vinna gegn fáfræði, staðalímyndum og misskilningi á trúarbrögðum. Því er lögð áhersla á að aðildarríkin líti á endurskoðun námskrár á öllum skólastigum, einnig háskólastigi, sem forgangsverkefni (e. *a matter of urgency*) í því skyni að efla trúarbragðafræðslu. Árið 2005 kom út skýrsla frá Committee on Culture, Science and Education þar sem þeirri áskorun er beint til ráðherra- nefndar Evrópuráðsins að hvetja ríkisstjórnir meðlimaríkja til að láta málið til sín taka og tryggja trúarbragðafræðslu, bæði í grunn og framhaldsskólum. Vakin er athygli á að þekking á trúarbrögðum sé að hverfa (e. *is dying out*) í mörgum fjölskyldum með þeim afleiðingum að sífellt fleiri ungmenni skorti nauðsynlegar forsendur til að skilja til fulls eigin samfélög, hvað þá önnur sem þau komast í snertingu við.


var austurrísk-bandaríski félags- og guðfræðingurinn Peter L. Berger. Rétt fyrir síðustu aldamót hélt Berger opunarfyrirlestur um áhrif ólíkra trúarbragða í opinberu lífi í nútíma-samfélögum víðs vegar um heiminn. Fyrirlestur hans nefndist „The Desecularization of the World“. Í fyrirlestrinum sagði hann m.a.: „[H]ugmynd okkar um að við lifum í veraldarvæddum (afhelguðum) heimi er röng. Heimurinn í dag er, með nokkrum undantekningum, jafn feiknarlega trúarlegur og hann hefur ætíð verið og sums staðar fremur en nokkru sinni. Þetta merkir að allir þeir bókastaflar sem ritaðir hafa verið af sagnfræðingum og félagsvísindamönnum og merktir hafa verið „kenningar um veraldarvæðingu“ hafa í grundvallaratriðum rangt fyrir sér.“

Kallað eftir auknu umburðarlyndi

Þessi breytta staða, þ.e. endurkoma trúarbragðanna á vettvang þjóðfélags- og stjórn málaumræðu samtímans, auk vaxandi fjölmenningar, hlýtur að kalla á endurskoðun á stöðu trúarbragðafræðslu í skólum og mikilvægi hennar í almennri menntun. Í ljósi þessa hefur umfangsmikil umræða um trúarbragðafræðslu í opinberum skólum átt sér stað

á vettvangi Evrópuráðsins og öse. Evrópuráðið hefur gefið út nokkrar skýrslur um þetta efni þar sem m.a. er rætt um nauðsyn þess að þátttökuþjóðir Evrópuráðsins vinni markvisst að því að auka umburðarlyndi þegnanna í trúarlegum efnum, í nafni lýðræðis og mannréttinda. Einnig er vakin athygli á þeirri þróun undanfarinna áratuga sem leitt hefur til eins konar „gildakreppu“ eða öllu fremur „skorts á gildum“ í Evrópu nútímans. Markaðssamfélögin hafi reynst jafn ófær og samfélög kommúnismans um að tryggja velfarnað og félagslega ábyrgð þegnanna. Þetta hafi m.a. leitt til afturhvarfs margra til trúarbragðanna og þeirra gilda sem þau boða. Mikilvægt er að þessi þróun sé löguð að grundvallargildum lýðræðis og mannréttinda.

Þörfin fyrir betri skilning og þekkingu á trúarbrögðum og lífsviðhorfum hefur orðið mönnum æ ljósari á síðari árum. Eftir ráðstefnu í Toledo á Spáni árið 2007, þar sem fjallað var um trúarbragðafræðslu í opinberum skólum, gaf ÖSE út rit þar sem lögð er áhersla á trúarbragðafræðslu sem nauðsynlegan þátt í sérhverri gæðamenntun.



Skortur á hæfum kennurum er einnig ræddur í þessari skýrslu og hvatt til aukinnar kennaramenntunar í þessum fræðum. Nú þegar verið er að lengja kennaranámið hér á landi er ástæða til að benda á að menntun íslenskra kennara í þessum fræðum er með öllu óviðunandi, þar sem aðeins lítill hluti kennaranema velur trúarbrögð sem valgrein, með þeim afleiðingum að mikill

Meirihluti útskrifaðra kennara síðastliðin 20 ár hefur enga fræðslu fengið um trúarbrögð, hvorki kristni né annað frá því að þeir luku grunnskóla.



© ÓMAR ÓSKARSSON

meirihluti útskrifaðra kennara síðastliðin 20 ár hefur enga fræðslu fengið um trúarbrögð, hvorki kristni né annað frá því að þeir luku grunnskóla.

Þvermenningarleg og þvertrúarleg samræða

Í skýrslu sem út kom 2008 er vakin sérstök athygli á mótunaráhrifum trúarbragða, einkum hins gyðing-kristna arfs, á vestræna menningu. Í tengslum við þetta er bent á mikilvægi þvermenningarlegrar og þvertrúarlegrar samræðu, til aukins skilnings og þekkingar á ólíkum hópum þjóðfélagsins, þannig að vinna megi gegn fordómum og staðalímyndum og stuðla að umburðarlyndi. Til þess að þvermenningarleg umræða geti átt sér stað er mikilvægt að auka þekkingu þegnanna á eigin trúar- og menningararfi, auk þekkingar á helstu trúarbrögðum heims og trúarbragðasögu.

Sigurður Pálsson er guðfræðingur og sérfræðingur í menntunarfræðum, með langa reynslu af kennslu á öllum skólastigum. Meginfræðasvið hans hefur verið kennsla trúarbragða í opinberum skólum. Hann gaf út ritið **Uppeldisréttur** árið 2011 þar sem fjallað er um rétt for-eldra til að tryggja trúarlegt og siðferðilegt uppeldi barna í samræmi við eigin sannfæringu.




Í mars 2007 var haldin í Toledo á Spáni ráðstefna um trúarbragðafræðslu í opinberum skólum á vegum ÖSE, en ÖSE er samtök 56 þjóða í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu, og er Ísland þeirra á meðal. Að ráðstefnunni komu tugir sérfræðinga um uppeldi og menntun, auk lögfræðinga, guðfræðinga frá ýmsum kirkjudeildum og fulltrúa frá veraldlegum líffsskoðanasamtökum, svo og fræðimenn á sviði mannréttinda. Að ráðstefnunni lokinni var gefið út ritið *Toledo Guiding Principles on Teaching About Religions and Beliefs in Public Schools* (2007). Í formála segir að ástand heimsmála, svo sem vaxandi fólksflutningar ásamt þrálátum ranghugmyndum um trúarbrögð og menningarheildir, hafi leitt í ljós, með ótvíræðum hætti, mikilvægi þess að stuðla að umburðarlyndi og jafnræði ásamt trú- og skoðanafrelsi. Þörfin fyrir betri skilning og þekkingu á trúarbrögðum og lífsviðhorfum verði æ ljósari. Í ritinu er ítarlega rætt um trúarbragðafræðslu í opinberum skólum og lögð áhersla á hana sem nauðsynlegan þátt í sérhverri gæðamenntun (e. *quality education*).

Hornsteinn vestrænnar menningar


Og hvaða erindi á svo þessi umræða í rit Hins íslenska biblíufélags? Biblían er ótvírætt einn af hornsteinum vestrænnar menningar og einn mesti áhrifavaldur á sviði mennta, menningar og lista, auk þess að vera grundvöllur kristinnar trúar. Án þekkingar á Biblíunni eru menn ólæsir á vestræna menningu og ófærir að taka þátt í umræðu um trúmál almennt og tengsl trúar og menningar í eigin samfélagi. Það er því brýnt að þeir sem hafa skilning á mikilvægi Biblíunnar sem trúarbókar og menningarrits standi vörð um vandaða fræðslu um kristna trú og aukna þekkingu á Biblíunni og biblíusögum í skólakerfinu um leið og stutt er við vandaða fræðslu um önnur trúarbrögð. ■

Ítarlegri umfjöllun má sjá á Netlu, vef tímariti um uppeldi og menntun [netla.hi.is], undir Mennta-kvik, árslok 2011.



Atta unsar,
þu in himinam,
weihnái namo þein.
Quimái þiudinassus þeins.
Wairþái wilja þeins,
swe in himina jah ana airþái.
Hláf unsarana þana sinteinan gif us himma daga.
Jah aflet uns þatei skulans sijáima,
swaswe jah weis afletam þáim skulam unsaráim.
Jah ni briggáis uns in fráinstubnjái,
ak láusei uns af þamma ubilin,
unte þeina ist þiudangardi jah mabts jah wulþus in áiwins.
Amen.

Gotneska 4. öld Úlfilas biskup




Fæder úre,
þú þe eart on heofonum,
sí þín nama gehálgod.
Tōbecume þín rice.
Gewurþe ðin willa on eorðan swá swá on heofonum.
Ūrne gedæghwámlican hláf syle ús tó dæg.
And forgyf ús úre gyltas, swá swá wé forgyfað úrum gyltendum
And ne gelæd þú ús on costnunge,
ac álys ús of yfele. Sōþlice.

Forn enska 6. öld



Onze Vader in de hemel,
uw naam worde gebeilgd,
uw koninkrijk kome,
uw wil geschiede,
op aarde zoals in de hemel.
Geef ons beden ons dagelijks brood
en vergeef on onze schulden
zoals ook wij anderen hun schulden hebben vergeven,
en stel ons niet op de proef
maar verlos ons van de duivel.

Hollenska nútími



Ons Voda em Himmel
lot din Nome jeheiligt woare
lot dien Ritjdom kome
lot dien Welle jedone woare
uck hia oppe Ed, soo aus dem Himmel
jeff ons Dach fe Dach daut Broot, daut ons felt
en fejeff ons onse Schult
soo aus wie den fejewe, dee sich jeajen ons feschuldicht ha
en brindj ons nich en Vesetjunk nenn
oba rad ons von Beeset. Amen.

Lágþýska gömul Saxland


FAÐIRVORIÐ

Athafnamaðurinn Árni Reynisson hefur um árabíl safnað saman textum faðirvorsins á tungumálum norðvestanverðrar Evrópu og mynda þeir nú hið ágætasta safn. Nýlega þegar Árni átti merkisafmæli lét hann með listrænum tilstyrk Kristínar Þorkels-dóttur og ljósmyndum Harðar Daníelssonar prenta nokkra valda texta og gaf gestum í afmælisboði. B+ er fyrir velvild Árna og samverkafólks hans sérstök ánægja að færa lesendum sínum hér til skoðunar og samanburðar fáeina af textunum.



Us Heit yn'e himel,
lit jo namme hillige wurde,
lit jo keningryk komme,
lit jo wil dien wurde
op ierde likegoed as yn'e himel.
Jou ús hjoed ús deistich brea
en ferjou ús skulden
sa't wy ús skuldnere ek ferjún hawwe;
en lit ús net yn fersiking komme;
mar ferlos ús fané kweade;
want jowes is it keningryk, en de kreft, en de hearlikheid
oant yn ivichheid. Amen.

Frisneska 1995



Vater unser im Himmel
Geheiligt werde dein Name.
Dein Reich komme.
Dein Wille geschete
Wie im Himmel so auf Erden.
Unser tägliches Brot gib uns heute.
Und vergib uns unsere Schuld
Wie auch wir vergeben unsern Schuldngern.
Und führe uns nicht in Versuchung,
Sondern erlöse uns ven dem Bösen.
Denn dein ist das Reich udn die Kraft
Und die Herrlichkeit in Ewigkeit.
Amen.

Þýska nútími

Úr inngangi

„Faðir vor“ nefnum við bæn þá, er geymir kjarna kristins siðar. Flutningur hennar er mörgum hámark kristins helgihalds og hún er tryggur förunautur þegar kristið barn ræðir við guð sinn í einrúmi. Texti bænarinnar er því án efa með því fyrsta sem þýtt hefur verið á hvert mál við útbreiðslu kristins siðar.

Úlfilas biskup hét sá maður sem fyrstur þýddi „faðir vor“ á gotnesku. Það var á fjórðu öld, en þá er tími þjóðflutninga í Evrópu og hetjukvæði Eddu fjalla um örlagaþrungna atburði þess tíma. Texti bænarinnar hefur síðan þróast og breyst í tímans rás en ekki síst eftir því sem þjóðirnar fluttust til og málið greindist eftir búsetu þeirra. Málýskur mynduðust og með tímanum urðu sumar þeirra þjóðtungur.

„Faðirvorið“ á sitt afbrigði á hverri tungu. Það minnir hverja þjóð á helstu skyldur kristins manns við sjálfan sig og aðra. Ekkert þó eins og það sem greinir kristni frá eldri sið gyðinga. Það, að fyrirgefa öðrum allar misgjörðir í stað þess að gjalda auga fyrir auga. Í því fólst mikilvægasta breyting, já bylting þessa nýja siðar á sínum tíma. Reynslan kennir, að erfiðari þraut hefur vart verið lögð fyrir mannssálina.

GUNNLAUGUR A. JÓNSSON PRÓFESSOR

„SÁ GETUR EI SUNGIÐ ER SVÍÐUR UM OF“

Þegar séra Valdimar Briem orti út af 137. Davíðssálmi til að sýna að hann gæti ekki lengur ort

Ekki íslenskt sálmaskáld hefur ort jafnmikið út af Biblíunni og dr. Valdimar Briem (1848–1930), vígslubiskup, frá Stóra-Núpi. Árið 1898 sendi hann frá sér Davíðssálma í íslenskum sálmaþúningi þar sem hann hafði ort út af öllum 150 sálum Saltarans. Sumir sálmanna virtust honum hugleiknari en aðrir því að hann orti oftast út frá þeim en bara í þessu ágæta sálmasafni. Það átti ekki sist við um hinn kunna sálm 137: „Við Babylónsfljót þar sátum vér og grétum.“ Út af honum orti hann þrisvar sinnum. Sá sálmur hefur á öllum tímum höfðað mjög til þeirra sem eru staddir í útleigð, fjarri ættjörð sinni. En Valdimar Briem kom aldrei til útlanda, svo að skýringarinnar er ekki að leita þar. Hins vegar hefur réttilega verið sagt að menn geta verið í útleigð í eigin landi.

Ást á Síon

Davíðssálmur 137 hefur nokkra sérstöðu meðal sálma Saltarans. Hann er t.d. sá eini þeirra sem ritskýrendur eru nokkuð sammála um hvernig skuli aldursgreindur. Hann er almennt talinn ortur skömmu eftir að Kýrus Persakonungur veitti herleiddum Gyðingum í Babilón heimfaraleyfi árið 538 f.Kr. og líklegt þykir að sálmurinn sé a.m.k. ortur áður en musteríð í Jerúsalem var endurreist árið 515 f.Kr.

Sálmur 137 tjáir ást Gyðinga á Síon og söknuð. Þeim er ómögulegt að syngja Guði sínum lof í framandi landi og sakna musterisins í Jerúsalem. Biblíufræðingar hafa átt erfitt með að skipa sálminum í flokk samkvæmt hefðbundnu greiningarkerfi fræðasviðsins. Sumir kalla hann

harmsálm þjóðar, aðrir tala um hann sem „bæn“, enn aðrir tala um hann sem Síonarljóð „með öfugum formerkjum“ og kunnur þýskur ritskýrandi, H.-J. Kraus (1918–2000), telur að sálmurinn endurspegli guðsþjónustu í formi harmagráts.

Missir og söknuður

Valdimar Briem varð fyrir margvíslegu mótlæti í lífi sínu. Ellefur ára hafði hann misst báða foreldra sína með eins árs millibili og urðu systkinin þá að kveðjast og fara frá æskuheimili sínu, Grund í Eyjafirði. Valdimar ólst síðan upp hjá föðurbróður sínum, séra Jóhanni Briem í Hruna og konu hans, Sigríði Stefánsdóttur.

Spor eftir foreldramissinn sára má greinilega sjá í sálmi þeim er Valdimar yrkir út af 27. sálmi Saltarans, svo:

Ég föður hef og móður misst,
en mér varst þú svo góður:
Ég aftur föður eignaðist
og aðra blíða móður.

Séra Valdimar gekk árið 1873 að eiga frænku sína, Ólöfu Briem, dóttur prestshjónanna í Hruna. Þau eignuðust tvo syni. Eldri sonur þeirra, Jóhann Kristján, f. 1874, var mikill námsmaður og hvers manns hugljúfi, en lést er hann var enn við nám í Lærða skólanum, árið 1892. Þarf ekki að hafa um það mörg orð hvílkur harmdauði hann var foreldrum sínum.

Hætti að yrkja

Þegar svo Valdimar missti Ólöfu eiginkonu sína, en hún lést árið 1902, tók hann það svo nærri sér að hann hætti að yrkja, en hafði fram að því verið



Gunnlaugur A. Jónsson prófessor.

© ANNI SÆBERG

einstaklega afkastamikill á því sviði. M.a. hafði hann birt eitthvað af ljóðum í tímaritum Vestur-Íslendinga fyrir utan að hafa átt drjúgan hluta í Sálmabókinni 1886 og gefið út þykk rit um Biblíuljóð I og II á árunum áður en ljóð hans út af Davíðssálum birtust (1898). Er eiginkona Valdimars var látin barst honum bréf frá ritstjóra tímaritsins Aldamóta sem gefið var út af Vestur-Íslendingum. Ritstjórinn vildi sýnilega leggja sitt af mörkum til að hughreysta Valdimar og sagði að svo framarlega sem harmur sá hinn mikli, sem þá var rétt nýskeð um garð genginn, konumissirinn, yrði tilefni til nýrra ljóða, væru Aldamót

Ljóð Valdimars Briem: „HVÍ SKÁLDIÐ ÞEGIR“

Við fljótið eg sit hér með söknuð og þrá
og sorg býr í hjarta,
er minnst eg Zíon þá elskuðu á
svo inndæla' og bjarta.

Þú vilt, að eg hreyfi nú hörpunnar streng,
en hún er nú brostin;
frá henni ég þögull og hugdapur geng
af harmslagi lostinn.

Þú vilt, að eg syngi nú sætt eins og fyrr
um sigur og gleði;
en Zíon er horfin og sorgin er kyrr
og situr í geði.

Þú vilt, að um Zíon nú syngi eg lof,
en sérðu það ekki:
Sá getur ei sungið, er svíður um of
og sára ber hlekki.

Þú vilt, að eg syngi mín lofgjörðarljóð,
álíkt og er vandi;
en hver getur farið með fagnaðaróð
í framandi landi?

Í framandi landi mér finst eg sé hér
og fjötur mig þyngi.
Til Zíon þá heim kominn aftur eg er,
er öll von eg syngi.

ekki óheppilegur geymslustaður fyrir þau. Þessari vinsamlegu ábendingu svaraði Valdimar með þessu ljóði sem átti að skýra hvers vegna hann væri nú ófær um að yrkja. En í raun sýnir ljóðið hið gagnstæða, svo vel er það ort og svo snilldarleg útlekking eða heimfærsla á 137. Davíðssálmi.

Í framandi landi

Sennilega gerðist Valdimar hvergi eins persónulegur í ljóðum sínum og hér. Það dylst engum hversu sorg hans er mikil og söknuður hans sár. Hann hafði misst löngunina til að yrkja, svo er hann af „harmslagi lostinn.“ En trúnni á endurfundi ástvinanna hefur hann ekki glatað, eins og fram kemur í lokaerindinu. Ljóðið er afar áhugavert dæmi um heimfærslu á biblíulegum kveðskap.

Síon, sem hinir útlægu Gyðingar í Babilon forðum söknuðu svo sárt, breytist hér í eiginkonu Valdimars. Og eins og Gyðingar höfðu forðum spurt; „Hvernig ættum vér að syngja Drottins ljóð í öðru landi?“ spyr Valdimar „en hver getur farið með fagnaðaróð í framandi landi?“ Því að honum fannst hann staddur í framandi landi, svo mikill fjötur var sorgin honum. Og það segir sína sögu að þrátt fyrir þetta magnaða ljóð þá varð bið á næsta stórvirki Valdimars á sviði biblíukveðskapar og mjög athyglisvert hvaða verk hann valdi sér að glíma við þegar hann loks tók upp fyrri iðju. Það er Ljóð úr Jobsbók (1908), bókinni sem fjallar um þjáningu hins réttláta manns. ■

BIBLÍAN OG BETRA ÞJÓÐFÉLAG

Fáum mun um þessar mundir þykja allt eins og best má vera í íslensku þjóðfélagi. Kannske engum. Einkum er fundið til þess hve hrakað hefur ýmsum fornum dyggðum, þar á meðal heiðarleika, sannsögli, drenglyndi og kristnum kærleika, svo ekki sé minnst á nýtni og nægjusemi. Hömlulítil sókn eftir efnislegum gæðum hefur ýtt til hliðar — jafnvel út í afkima hjá of mörgum — kjölfestu sannrar lífshamingju.

Varla er nokkuð jafnóbrigðult til bóta í þessum efnunum og Biblían, ef vilji er fyrir hendi að færa sér hana í nyt. Þessari staðreynd verður ekki haldið of hátt á loft eða hún of oft brýnd fyrir þjóð okkar. Allir sem lesa Biblíuna sækja til hennar styrk, uppörvun og leiðsögn sér til sálubótar og sannra lífsgæða. Lífsgæða sem ekki verða keypt með fé en eru þó öllum öðrum verðmætari.

Trúin á Guð og traustið til hans hjálpaði öllu öðru fremur þjóð okkar í gegnum erfiðar aldir. Orð hans — Biblían — getur einnig nú verið sú uppspretta sem best gagnast til að bæta úr meinum þjóðfélagsins. Flest vandamál sem við er glímt eiga sér rætur í hegðan manna. Betri menn skapa betra þjóðfélag, sem er ekki annað en samfélag okkar allra. Öll getum við orðið betra fólk, ef við aðeins leggjum rækt við að bæta okkur. Lestur Biblíunnar — þó ekki sé nema stuttur texti dag hvern — er vís leið til mannbóta og þar með betra þjóðlífs og þjóðfélags.

Látum ekkert hindra eða tefja þá för. Tökum okkur Biblíuna í hönd sem oftast; lesum og hugleiðum vísdom hennar og sannindi. Það mun nú sem fyrr verða þjóðinni til blessunar í mótlæti tímans.



Betri þjónusta í Vörðunni

Varðan er vildarþjónusta fyrir viðskiptavini Landsbankans. Markmið þjónustunnar er að veita yfirsýn yfir fjármálin, persónulega þjónustu og fríðindi fyrir heildarviðskipti.

Kynntu þér Vörðuna eða pantaðu Vörðuráðgjöf á landsbankinn.is, í næsta útibúi eða í síma 410 4000.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000

